

Framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

Vestmannaeyjabær óskar eftir að ráða stjórnanda í starf framkvæmdastjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Staðan heyrir beint undir bæjarstjóra.

Umsóknarfrestur

30. júlí

Starfssvið:

- Yfirumsjón með stjórnsýslu og fjármálum bæjarfélagsins.
- Yfirumsjón með mannauðsmálum bæjarins og stefnumótun þess málaflokks.
- Undirbúningur fjárhagsáætlunargerðar í samstarfi við bæjarstjóra og fjármálastjóra.
- Yfirumsjón með skjalavörslu bæjarins og formlegum erindum sem berast.
- Leiðir samráð og samvinnu við íbúa í samræmi við áherslur kjörinna fulltrúa.
- Undirbúningur fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar í samráði við formann bæjarráðs og forseta bæjarstjórnar og ber ábyrgð á eftirfylgni mála.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6919

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólaþróf sem nýtist í starfi.
- Umfangsmikil reynsla af stjórnun og rekstri þ.m.t. fjármálum og starfsmannamálum.
- Þekking og reynsla af umbótum í opinberri stjórnsýslu.
- Reynsla af málefnum sveitarfélaga er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Leiðtogaþæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Teymishugsun, samstarfsvilji ásamt lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar, sveigjanleiki og víðsýni.



Vestmannaeyjabær

Vestmannaeyjar er ein helsta náttúruperla landsins. Í könnun meðal fólks í Vestmannaeyjum kom fram að samkennd Eyjamanna væri einn helsti kostur þess að búa í Eyjum. Í Vestmannaeyjum eru stuttar vegalengdir þannig að lítill tími fer í að skjótast í og úr vinnu eða að sækja og skutla krökkunum í nám og til tómtunda. Þess í stað getur fólk notað tímann til áhugamála.

Starfsemi og þjónusta Vestmannaeyjabæjar er í sífelldri þróun og með stjórnsýsluumbótunum er stefnt að einfaldari, skilvirkari og hagkvæmari stjórnsýslu fyrir íbúa sveitarfélagsins auk þess sem samskipti á milli miðlægrar stjórnsýslu og fagsviða eru gerð skilvirkari.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.